

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 2010 í málinu nr. E-9735/2009:**

**JS Danmark A/S**

*(Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.)*

**gegn**

**Cubus Design ehf.**

*(Helgi Sigurðsson hrl.)*

### I.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 22. mars sl. Er það höfðað með stefnu, birtri 23. júlí 2009.

Stefnandi er JS Danmark A/S, Árósum, Danmörku (áður Triad Communication A/S, Danmörku), en stefndi er arkitektastofan Cubus Design ehf., Grettisgötu 83 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð 850 evrur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 28. nóvember 2008 til greiðsludags, auk málskostnaðar að mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti. Þá er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfu á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### II.

Samkvæmt gögnum málsins rekur stefnandi auglýsingafyrirtæki í Danmörku og hét fyrirtækið áður Triad Communication A/S. Í október 2007 falaðist starfsmaður fyrirtækisins, Erla Huld Hadaoui, eftir auglýsingu hjá stefnda, sem birta átti í kynningarbæklingi um fyrirtækið SS verktaka. Í tölvubréfi 1. nóvember 2007 til eiganda stefnda, Eddu Þórsdóttur, segist Erla Huld Hadaoui senda staðfestingarblað, sem hún biður Eddu um að skrifa undir og senda henni til baka. Jafnframt kveðst Erla Huld munu senda Eddu tillögu frá hönnuði fyrirtækisins um útlit auglýsingarinnar. Fullyrðir stefnandi að staðfestingarblaðið hafi fylgt tölvupóstinum, sem viðhengi. Í áðurnefndu staðfestingarblaði, sem dagsett er 1.

nóvember 2007 og stílað á stefnda, er óskað eftir staðfestingu stefnda á því að fyrirtækið hafi keypt auglýsingu í ímyndarbæklingi Sveinbjörns Sigurðssonar hf. Kemur þar fram að stærð auglýsingarinnar sé 90 mm x 55 mm og er verðið tilgreint 850 evrur, án virðisaukaskatts. Þá segir þar að Triad Communication A/S muni senda próförk að útliti auglýsingarinnar til samþykktar. Staðfestingarblað þetta er óundirritað af hálfu stefnda.

Í tölvubréfi sem Erla Huld Hadaoui sendi Eddu Þórsdóttur 7. nóvember 2007 má sjá að Erla Huld er að reka á eftir staðfestingu á kaupum stefnda á auglýsingunni. Edda svaraði þessu bréfi með tölvubréfi 27. nóvember og segist þar staðfesta kaup á auglýsingu í kynningarbæklingi SS verktaka. Í greinargerð stefnda segir að gengið hafi verið frá útfærslu auglýsingarinnar í mars 2008 og hafi hún birst í blaðinu skömmu síðar. Reikningur stefnanda er dagsettur 28. október 2008 og er hann að fjárhæð 850 evrur.

Í desember 2008 gerði stefndi athugasemdir við reikning stefnanda og ítrekaði þær í janúar 2009. Lutu athugasemdirnar að því að stefnda væri erfitt um vik að afla gjaldeyris, að reikningsfjárhæðin, 850 evrur, væri há fyrir litla auglýsingu og að auglýsingin væri ekki sérlega góð. Stefnandi svaraði athugasemdum stefnda með tölvubréfi 16. desember 2008. Innheimtuviðvörðun var send stefnda 21. apríl 2009, en án árangurs.

Við aðalmeðferð gaf eigandi stefnda, Edda Þórsdóttir, skýrslu fyrir dóminum. Hún kvaðst fyrst hafa séð staðfestingarblað um kaup á umræddri auglýsingu í janúar 2009, en kannaðist ekki við að blaðið hefði fylgt sem viðhengi í tölvupósti frá stefnanda 1. nóvember 2007. Hins vegar mundi hún eftir því að hafa staðfest kaup á umræddri auglýsingu í tölvupósti 27. nóvember 2007, en fullyrti að hún og Erla Huld Hadaoui hefðu rætt um að verðið yrði 72.000 krónur.

### III.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á ofangreindum reikningi til stefnda, en einnig á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um ábyrgð manna á skuldbindingum sínum. Krafa um dráttarvexti er reist á III. kafla laga nr. 38/2001, en málskostnaðarkrafa á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggist á lögum nr. 50/1988.

### IV.

Sýknukrafa stefnda byggist á því að stefndi hafi ekki samþykkt kaup á umræddri auglýsingu, enda hafi stefndi ekki undirritað staðfestingu þess efnis. Einnig er á því byggt að aðilar hafi samið um verð í íslenskum krónum og hafi stefnanda því borið að senda reikninginn í samræmi við það samkomulag. Vísar stefndi sérstaklega til þess að viðskipti aðila séu um auglýsingu í íslensku blaði, og því hljóti að vera gengið út frá því að greitt sé í íslenskum krónum. Stefnandi þurfi að færa sönnur á að stefndi hafi samþykkt aðra greiðslutilhögun, og liggi slíkt samþykki ekki fyrir. Þá vísar stefndi til þess að stefnanda hafi verið í lófa lagið að ganga þannig frá staðfestingu um auglýsingakaup að skýrt kæmi fram að verðið væri í evrum. Í því sambandi bendir stefndi á að stefnandi hafi krafist skriflegrar staðfestingar á kaupunum. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi frá þeirri málsástæðu að

sýkna bæri vegna aðildarskorts stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um efni samninga og réttindi og skyldur samkvæmt þeim, túlkun samninga og lagasjónarmiða varðandi lagaskilarétt um tengsl viðskiptanna við íslenskar krónur, auk lagasjónarmiða um heimild til að halda eftir greiðslu. Krafa hans um málskostnað styðst við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

## V.

Eins og fram er komið falaðist starfsmaður Triad Communication A/S, Erla Huld Hadaoui, eftir auglýsingu hjá stefnda, sem birta átti í kynningarbæklingi um fyrirtækið SS verktaka. Í framlögðu tölvubréfi 1. nóvember 2007 til eiganda stefnda, Eddu Þórsdóttur, kemur fram að Erla Huld sendi staðfestingareyðublað, sem hún biður Eddu um að skrifa undir og endursenda sér. Af tölvubréfinu má sjá að skjal fylgdi bréfinu sem viðhengi. Í sama bréfi kveðst Erla Huld munu senda Eddu tillögu frá hönnuði fyrirtækisins þegar hún liggi fyrir. Stefnandi staðhæfir að viðhengið með tölvubréfinu hafi verið staðfestingareyðublað, sem lagt hefur verið fram í málinu. Eyðublað þetta er stílað á stefnda, dagsett 1. nóvember 2007, og er efni þess staðfesting á kaupum stefnda á auglýsingu í áðurnefndum kynningarbæklingi. Stærð auglýsingarinnar er þar tilgreind 90 mm x 55 mm og verðið 850 evrur, án virðisaukaskatts. Jafnframt segir þar að Triad Communication muni senda próförk að útliti auglýsingarinnar til samþykktar. Á eyðublaðinu er gert ráð fyrir að eigandi stefnda staðfesti auglýsingapöntunina með undirskrift sinni, og sendi stefnanda að því loknu í símbreffi. Eyðublaðið er óundirritað af hálfu stefnda, og heldur eigandi stefnda því fram að hún hafi ekki séð það fyrir en í janúar 2009.

Samkvæmt tölvubréfi starfsmanns stefnanda frá 7. nóvember 2007 er athygli eiganda stefnda vakin á því að skriflega staðfestingu vanti fyrir auglýsingakaupum stefnda. Er stefndi beðinn um að staðfesta kaupin, annað hvort með símbreffi eða með því senda starfmanninum línu. Í tölvubréfi stefnda til starfsmanns stefnanda, dagsett 27. nóvember sama ár, segist eigandi stefnda staðfesta kaup á auglýsingu í kynningarbæklingi SS verktaka. Gögn þessi taka af öll tvímæli um að stefndi samþykkti kaup á umræddri auglýsingu í kynningarbæklingi um SS verktaka.

Reikningur stefnanda er dagsettur 28. október 2008. Í tölvubréfi stefnda 16. desember það ár má lesa að stefnda sé brugðið vegna fjárhæðar reikningsins, 850 evra, og þyki hún há fyrir litla auglýsingu sem ekki sé heldur sérlega góð, en einnig í ljósi efnahagsástandsins um þær mundir. Hvergi er þar á það minnst að samið hafi verið um aðra eða lægri fjárhæð, og því síður að samið hafi verið um verðið í íslenskum krónum. Stefnandi svaraði þessu bréfi um hæl og taldi verð auglýsingarinnar ekki hátt, enda væri líftími auglýsingabæklingsins 2-3 ár. Einnig benti hann á að fyrirtækið hefði hannað útlit auglýsingarinnar og hefði stefnda margsinnis verið gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við útlit hennar, sem hann og hefði gert. Þá kvaðst stefnandi ekki geta borið ábyrgð á gengisbreytingum hér á landi, en bauð stefnda að deila reikningsfjárhæðinni á tvo mánuði. Þessu bréfi svaraði stefndi 14. janúar 2009 og sagði þar m.a. að aldrei hefði verið rætt um greiðslu í evrum. Þvert á móti hefði verið talað um 70 – 75.000 krónur. Í lok bréfsins segist stefndi munu reyna að gera upp við stefnanda á næstu dögum.

Engin gögn styðja þá fullyrðingu stefnda að aðilar hafi sammælt um að verð auglýsingarinnar skyldi vera 70 – 75.000 íslenskar krónur, og er því heldur ekki borið við í fyrrnefndu tölvubréfi stefnda frá 16. desember 2008. Þar er því heldur ekki mótmælt að reikningsfjárhæðin sé í evrum, þótt stefnda þyki fjárhæðin há fyrir litla auglýsingu. Sú skýring stefnda, að hann hafi hvorki vitað um verðið, né að greiðslan skyldi innt af hendi í evrum, þykir því ótrúverðug. Ekki er þá aðeins horft til fyrrnefnds bréfs frá 16. desember 2008, heldur einnig til samskipta aðila í áðurnefndum tölvubréfum frá 1., 7. og 27. nóvember 2007. Þar er ítrekað um það rætt að stefndi þurfi skriflega að staðfesta kaup á auglýsingunni, og er þar beinlínis getið um eyðublað í því skyni. Stefndi staðfesti kaupin með tölvubréfi 27. nóvember 2007. Þykir því ekkert hald í þeirri málsástæðu stefnda að hann hafi ekki séð staðfestingareyðublaðið, enda ber hann sjálfur á því ábyrgð hafi hann ekki gengið úr skugga um verð auglýsingarinnar og gjaldmiðil greiðslunnar áður en hann staðfesti kaupin. Í umræddu staðfestingareyðublaði er skýrlega tekið fram að verðið sé 850 evrur, án virðisaukaskatts.

Að því virtu sem að framan er rakið verður stefndi dæmdur til greiðslu stefnukröfunnar eins og hún er sett fram í stefnu og nánar greinir í dómsorði. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndi einnig dæmdur til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst hæfilegur 180.000 krónur.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

## **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Cubus Design ehf., greiði stefnanda, JS Danmark A/S, 850 evrur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 28. nóvember 2008 til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. nóvember 2009.

Stefndi greiði stefnanda 180.000 krónur í málskostnað.

Ingimundur Einarsson

